

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

1. tbl. 2011 – Febrúar

Sjóðfélagafundur

Kynning á athugun Deloitte á starfsemi sjóðsins 2007-2009

Fundurinn verður haldinn í salnum Gullteigi á Grand Hótel, 14. febrúar og hefst kl 17.

Fortíð og framtíð

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa á undanförunum mánuðum farið ítarlega yfir fjárfestingar sjóðsins á árunum 2007-2009. Markmið þess var að leita skýringa á þeim skakkaföllum sem sjóðurinn varð fyrir í tengslum við efnahagshrunið og kanna hvort nauðsynlegt sé að grípa til frekari varúðarfærslna. Til aðstoðar við þessa vinnu réð stjórnin Fjármálaráðgjöf Deloitte til þess að gera athugun á starfsemi sjóðsins á framangreindu tímabili. Kynning á niðurstöðum athugunarinnar verður á komandi sjóðfélagafundi auk þess sem sjóðfélagar geta farið yfir skýrslu Deloitte í heild á skrifstofu sjóðsins. Jafnframt er útdrátt úr skýrslunni að finna hér að neðan.

Að loknum kynningarfundinum munu stjórn og starfsmenn beina kröftum sínum fyrst og fremst að framtíðaruppbyggingu sjóðsins og huga að stefnumótun og endurskipulagningu þar sem hennar er þörf. Hér má nefna endurbætur á verklagsreglum um áhættustýringu, mótun upplýsingastefnu auk þess sem mótuð verður fjárfestingarstefna til framtíðar sem miða skal að því að ná fram meira jafnvægi í ávöxtun eigna sjóðsins.

Þegar hafa komið til framkvæmda umfangsmiklar breytingar á starfsemi sjóðsins: ný stjórn, ný framkvæmdastjóri, breytingar á

ákvarðanatökufærli fjárfestinga, breyttar áherslur í fjárfestingum, ofl.

Fjárfestingar á árinu 2011 munu verða snúnari en oft áður þar sem vextir hafa lækkað töluvert bæði innanlands og erlendis, vegna gjaldeyrishafta munu fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis takmarkast við endurfjárfestingar, víða er skjálfti í efnahagslífi heimsins og ekki er úr mörgu að velja í innlendum hlutabréfum þó úr því geti ræst á síðari hluta ársins.

Nýr framkvæmdastjóri



Auður Finnbogadóttur hefur verið ráðin sem framkvæmdastjóri sjóðsins og hóf hún störf þann 1. desember síðastliðinn.

Auður er viðskiptafræðingur frá University of Colorado at Boulder í Bandaríkjunum (1992) og MBA frá Háskólanum í Reykjavík (2005). Hún hefur staðist próf í verðbréfavíðskiptum og einnig hæfispróf Fjármálaeftirlitsins sem framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins.

Auður hefur 15 ára starfsreynslu á fjármálamarkaði. Hún var meðstofnandi og framkvæmdastjóri MP banka hf. 1999-2003, hefur rekið eigið fyrirtæki, tekið að sér stjórnarstörf s.s. setu í stjórn Icelandair Group hf., Framtakssjóðs Íslands, Landsnets hf. og starf stjórnarformanns

Norðlenska matborðsins ehf. Auður tók við tímabundnu starfi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar haustið 2009 og lauk því verkefni farsællaga með yfirfærslu á rekstri sjóðsins til LSS vorið 2010. Auður sagði sig úr stjórn Icelandair Group í framhaldi af ráðningu hennar til Lífsverk og hefur síðan einnig látið af setu í stjórn Framtakssjóðsins.

Helstu atriði athugunar Deloitte

Fjármálaráðgjöf Deloitte gerði athugun á 11 liðum varðandi fjárfestingar og eignasafn sjóðsins á árunum 2007-2009. Eftirfarandi liðir voru skoðaðir;

- greining á eignasafni,
- úttekt á ávöxtun,
- athugun á erlendum hlutabréfum,
- athugun á lánsþæfistengdu skuldabréfi,
- athugun á innlendri hlutabréfaeign,
- skoðun á hlutfalli verðbréfa útgefnum af sama aðila,
- skoðun á erlendum skuldabréfavafningum,
- athugun á gjaldmiðlavörnum,
- skoðun afskrifta
- umgjörð áhættustýringar.

Deloitte gerir fyrirvara um að athugun þeirra er ekki ótakmörkuð og að ekki megi túlka athugunina sem ígildi endurskoðunar eða áreiðanleikakönnunar.

Afkoma 2007-2009

Á árinu 2009 var raunávöxtun -0,4% og reyndist hún í meðallagi í samanburði við ávöxtun þrettán stærstu lífeyrissjóða landsins. Árið 2008 var raunávöxtun -31,4% sem reyndist mun lægri raunávöxtun en aðrir sjóðir sem voru með -20,4%. Árið 2007 var raunávöxtun -0,7% en meðaltalið var 0,2%.

Helstu ástæður slakrar afkomu á árinu 2008 voru verðfall hlutabréfa, tap vegna skuldabréfa fyrirtækja og fjármálastofnana, tap vegna fjárfestingar í lánsþæfistengdu

skuldabréfi útgefnu af UBS og tap af afleiðusamningum.

Tap og afskriftir 2008

	millj.kr	Hlutfall
Hlutabréf	4.442	39%
Skuldabréf banka og fyrirtækja	4.008	36%
Lánsþæfistengd skuldabréf (UBS)	1.750	16%
Afleiðusamningar	1.054	9%
Samtals tap og afskriftir	11.254	100%

Ávöxtun á árinu 2008

	millj.kr
Verðhækkun eigna	5.090
Tap og afskriftir	- 11.254
Samtals	- 6.164
Nafnávöxtun ársins	-20,3%

Afskriftir 2009-2011

Á árinu 2009 voru um 2 milljarðar króna afskrifaðir, þar af var um 1 milljarður króna vegna skuldabréfavafninga og um 1 milljarður króna vegna skuldabréfa banka og fyrirtækja. Líkur eru á því að afskriftir vegna ársins 2010 verði um 1 milljarður króna og er þar aðallega um að ræða skuldabréf fyrirtækja og banka. Gera má ráð fyrir frekari afskriftum á árinu 2011 þar sem enn er óvissa um stöðu fyrirtækja og getu þeirra til að standa við skuldir auk þess sem uppgjóri vegna gjaldmiðlasamninga við banka er ekki lokið.

Ávöxtun erlendra hlutabréfa

Erlend hlutabréf skiluðu 9,7% nafnávöxtun á árinu 2008 sem var um 5,9% undir ávöxtun MSCI heimsvísitölu hlutabréfa. Í mars 2008 voru seld erlend hlutabréf fyrir 3,6 milljarða króna. Á móti var fjárfest í lánsþæfistengdu skuldabréfi (UBS) fyrir 1 milljarð króna, í innlánnum fyrir 1,5 milljarða króna, innlendum hlutabréfum fyrir 275m.kr. og ýmsum öðrum verðbréfum fyrir 800m.kr.

Ávöxtun innlendra hlutabréfa

Alls töpuðust 4,4 milljarðar í innlendum hlutabréfum á árinu 2008 eða 87% af heildarstöðu í innlendum hlutabréfum. Til samanburðar þá lækkaði viðmiðunarvísitalan OMXI15 um 94% á árinu, þar af 90% á síðasta ársfjórðungi. Á árinu 2008 voru keypt hlutabréf fyrir 5,5 milljarða króna og seld fyrir 5,3 milljarða

króna. Í apríl voru keypt bréf fyrir um 2,6 milljarða króna í hlutabréfasjóðnum Kaupþing ÍS-15 og seld bréf í Kaupþingi, Landsbanka, Exista, Bakkavör og Straumi á móti.

Lánshæfistengt skuldabréf útgefið af UBS

Í mars 2008 var fjárfest fyrir 1 milljarð króna í skuldabréfi útgefnu af Union Bank of Switzerland með lánshæfistengingu við íslensku bankana og var fjárfestingin fjármögnuð með sölu á erlendum hlutabréfum. Bréfið var innkallað í september í samræmi við skilmála bréfsins. Til að forðast innköllun og tap sem því fylgdi var ákveðið að auka fjárfestingu um 1,6 milljarða króna í lok september og breyta bréfinu í Evrur. Alls var því fjárfest fyrir 2,6 milljarða króna í lánshæfistengdu skuldabréfi. Við gjaldþrot bankanna fékk lífeyrissjóðurinn afhent skuldabréf í Glitni og Kaupþingi. Alls töpuðust 1,7 milljarðar króna vegna þessa á árinu 2008. Endanlegt tap ræðst af endurheimtum af skuldabréfum bankanna. Stjórn hefur til frekari skoðunar ákvarðanatöku og framkvæmd fjárfestingarinnar í UBS bréfinu.

Verðbréf útgefin af Kaupþingi

Eignarhlutur í verðbréfum útgefnum af Kaupþingi virðist hafa verið innan leyfilegra marka í samræmi við gildandi lög á árinu 2008. FME fær sendar skýrslur ársfjórðungslega um eignir og hefur eftirlit með hvort samanlögð eign útgefnum af sama aðila fer yfir leyfileg mörk.

Erlendir skuldabréfavafningar

Sjóðurinn átti fimm skuldabréfavafninga á árunum 2007-2009. Þessar vafningar hafa gefið 10% ávöxtun í krónum s.l. 3 ár og -43% ávöxtun í evrum. Á árinu 2009 lækkuðu afurðirnar um tæp 50% en á því ári var afskrifaður 1 milljarður króna vegna þessa.

Gjaldmiðlasamningar

Gjaldmiðlasamningar eru gerðir til að draga úr sveiflum af verðbreytingum gjaldmiðla. Sé hagnaður af erlendum eignum vegna hækkandi gengis þá er tap af samningunum og öfugt. Samningum við bankana um uppgjör gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga sem gjaldféllu við hrun bankanna 2008 er ekki lokið.